

Verður hagdeild lækna stofnuð í haust?

TVÍVEGIS á undanförunum misserum hefur Birna Jónsdóttir gjaldkeri Læknafélags Íslands viðrað þá skoðun sína hér í blaðinu að félagið þurfi að koma sér upp hagdeild. Slík deild gæti annast margvíslega útreikninga og úttektir, haldið saman upplýsingum um heilbrigðismál og stutt við bakið á læknum, hvort sem þeir eru að semja um kaup og kjör, móta stefnu um heilbrigðismál eða stofna fyrirtæki. Nú eru horfur á að Birnu verði að ósk sinni því starfshópur á vegum félagsins leggur til að hagdeild lækna verði stofnuð hið fyrsta.

Álit hópsins hefur verið birt á heimasíðu LÍ en það er allitarlegt. Þar er gert ráð fyrir að hagdeild læknasamtakanna skiptist í fjögur meginvið. Eitt þeirra væri að sinna kjaramálum lækna og aðstoða samninganefndir félagsins. Annað væri að safna saman upplýsingum um heilbrigðismál og heilbrigðishagfræði, svo sem hagtölum heilbrigðismála og kostnaðargreiningu læknisverka, auk þess sem það annaðist útgáfu- og kynningarmál. Þriðja sviðið gæti verið forvinna við stefnumótun læknasamtakanna í heilbrigðismálum og það fjórða gæti veitt læknum eða hópum lækna ráðgjöf við stofnun og rekstur fyrirtækja.

Illa settir með upplýsingar

Einn þeirra sem sátu í starfshópnum var Sigurður E. Sigurðsson læknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri en hann hefur nýlega tekið við formennsku í samninganefnd LÍ fyrir sjúkrahúslækna. Hann sagði í spjalli við Læknablaðið að skrif Birnu hefðu fengið nýja merkingu í samningsgerð LR og heilbrigðisráðuneytisins vegna sérfræðilækna í vetur.

„Þá kom glögg í ljóst hversu illa lækningar voru settir með upplýsingar. Við vitum það sem fagmenn að upplýsingar eru mikilvægar og það gengur ekki að vera háður viðsemjanda sínum um þær. Eftir að þeirri samningalotu lauk ákvað stjórn LÍ að setja starfshópin á laggirnar og nú vonum við að málin gangi hratt og vel fyrir sig. Álit hópsins verður til umræðu á formannafundi LÍ í apríl en lokaákvörðun verður tekin á aðalfundi í haust,“ sagði Sigurður.

Hópurinn leggur til að ráðinn verði sérfræðingur á sviði heilbrigðishagfræði til félagsins ekki seinna en í haustbyrjun, jafnvel þegar í vor ef það þykir henta. Er bent á það í álitserðinni að fyrstu heilsuhagfræðingar sem menntast hjá Háskóla Íslands verði að vinna meistaraverkefni sín í sumar.

Sigurður sagði að ýmsir kostir hefðu verið ræddir, svo sem að kaupa ráðgjöf þegar á þyrfti að halda. „Niðurstaða okkar varð sú að það kæmi best út að ráða manneskju í fast starf. Aðkeypt ráðgjöf gæti reynst dýr og hún tryggir ekki að þekkingin héldist

innan félagsins á sama hátt og fastráðinn starfsmaður. Við höfum einn sérfræðing í vinnu sem er framkvæmdastjórinn og með því að ráða annan til starfa með honum styrkist starfsemin til muna.“

Útgjöld skila sér fljótt aftur

Ljóst er að stofnun hagdeildar kostar sitt en starfshópurinn áætlað að árlegur kostnaður við rekstur hennar sé 8,6 milljónir króna. Er það tillaga hópsins að hugað verði að hækkuð félagsgjalda til að standa straum af þessum kostnaði.

„Við ræddum ýmsa möguleika á að selja þjónustu svona deildar þegar fram í sækir. Það er til dæmis spurning hver eigi að greiða fyrir ráðgjöf til fyrirtækja lækna. Einnig mætti hugsa sér að hægt væri að gera þjónustusamninga við opinbera aðila um að halda utan um gagnabanka og þess háttar. Deildin verður hins vegar að fá að vaxa og dafna og sanna sig áður en farið er að huga að slíku.“

Ég er hins vegar sannfærður um að lækningar muni fljótt sjá árangur af starfi hagdeildar. Líklegt má telja að við verðum hennar fyrst vör í kjaramálunum og í því að styrkja lækna og samtök þeirra sem ráðgjafa á sviði heilbrigðismála. Deildin gæti orðið það bakland sem okkur hefur skort. Við erum á því að þeim kostnaði sem fylgir stofnun deildarinnar sé vel varið og að hann eigi eftir að skila sér fljótt aftur. Ekki bara í bætum kjörum lækna heldur fyrst og fremst í því að gera okkur virkari í stefnumótun heilbrigðismála og það er ekki lítils virði. Það tryggir okkur góða heilbrigðisþjónustu,“ segir Sigurður E. Sigurðsson.

Eins og áður segir er búið að leggja álit starfshópsins út á heimasíðu LÍ www.lis.is og þar er einnig spjallþráður um hagdeildina sem vert er að skoða.

Tillaga starfshóps að skipuriti hagdeildar LÍ.

